

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um skipun nefndar til þess að rannsaka fiskverð.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka þann mismun, sem er á fiskverði í Noregi og á Íslandi. Nefndin skal einnig leitast við að gera sem ljósastan samanburð á rekstrarkostnaði sambærilegra fiskvinnslufyrirtækja héraendis og í Noregi.

Greinargerð.

Hinn gifurlega mikli munur, sem er á fiskverði í Noregi og hér á landi, hefur að vonum vakið mikla athygli og mikið umtal.

Þegar fyrst var skýrt frá þessum mikla mismun á s. l. vetri, töldu margir, að hér hlyti eitthvað að vera málum blandið.

En nú þarf ekki lengur að deila um það, hvað raunverulegt fiskverð er í Noregi og hvað það er hér á landi.

Alþýðusamband Íslands hefur í riti sínu, Vinnunni, birt skýrslu um norskt fiskverð á s. l. vetri, og einn af starfsmönnum Fiskifélags Íslands hefur nýlega birt grein í tímaritinu Ægi um norska fiskverðið. Hjá báðum þessum aðilum kemur í ljós, að um gifurlegan verðmismun er að ræða, þannig að íslenska fiskverðið nálgast ekki það fiskverð, sem Norðmönnum er greitt.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanns Fiskifélagsins var verð á nýjum fiski s. l. vetur í Noregi sem hér segir:

Nokkrar aðal-fisktegundir	Norskar kr.	Ísl. kr.
Þorskur yfir 43 cm	0,85—0,90	= 4,54—4,81
Ýsa, stór til frystingar	0,80	= 4,28
Langa	0,85	= 4,54

Þetta norska verð er miðað við slægðan og hausaðan fisk.

Sambærilegt verð á fiski hér á landi er þannig:

Þorskur	kr. 3,16—3,29
Ýsa, stór	— 3,16
Langa	— 2,93

Þetta verð er miðað við slægðan og hausaðan fisk eins og í Noregi og er því algerlega sambærilegt.

Það verð, sem hér er rætt um, er það verð, sem fiskkaupendur (frystihúsin) greiða fiskiskipunum fyrir aflann bæði í Noregi og hér.

Samkvæmt þessu greiða frystihúsin í Noregi fiskibátunum þar 45% hærra verð fyrir þorsk en frystihúsin hér telja sig geta greitt íslenskum fiskibátum fyrir nýjan þorsk. Á sama hátt borga norsku frystihúsin 35% hærra verð fyrir ýsuna en þau íslensku gera og 55% hærra fyrir löngu.

Hér er um gifurlega mikinn verðmun að ræða, svo mikinn, að óhjákvæmilegt er að fá á því skýringu, í hverju munurinn liggur.

Hver er ástæðan til þess, að norska frystihúsið getur greitt svona miklu herra verð fyrir aflann en það íslenska?

Þessi mikli verðmunur nemur því, að frystihús, sem vinnur úr 3000 lestum hráefnis (slægt með haus) hér á landi, — en það má teljast meðalstórt frystihús, — gefur um 3,5 millj. kr. minna fyrir þann afla, sem það vinnur úr á ári, heldur en jafnstórt norskt frystihús gerir.

Fyrir vetrarvertíðarbát, sem veiðir 600 lestir, miðað við slægðan fisk með haus, nemur þessi verðmunur rétt um 700 þús. kr. í aflaverðmæti.

Þessi verðmunur þýðir í raun og vera það, að meðalfrystihúsið hér á landi ætti að hafa 3,5 millj. kr. hagstæðari rekstur en norska frystihúsið, svo framarlega sem aðrir rekstrarkostnaðarliðir væru sambærilegir.

En hvað er þá að segja um annan rekstrarkostnað frystihúsa í Noregi og hér á landi?

Í upplýsingum starfsmanns Fiskifélagsins, sem vitnað var í hér að framan, kemur í ljós, að vinnulaun þess fólks, sem vinnur við fiskvinnsluna í Noregi, eru hærri þar í landi en sambærileg vinnulaun hér. T. d. er hið almenna tímakaup karlmannna þar 23,21 kr. (ísl.) á móti 20,67 kr. hér, og tímakaup kvenna er þar kr. 18,61 (ísl.) á móti kr. 16,14 hér. Kaup karla þar er því 12,3% herra en hér og kvennakaupið er 15,3% herra þar.

Sú skýring, sem einu sinni var óspart notuð til afsökunar á lágu fiskverði hér, — miklu hærri vinnulaun hér á landi, — er því ekki fyrir hendi í þessu tilfalli. Vinnulaunin í frystihúsunum í Noregi eru mun hærri, en ekki lægri en hér, svo að hið lága íslenska fiskverð verður ekki skýrt með því, að of há vinnulaun hafi étið upp fiskverðið.

En hvað um aðra kostnaðarliði í frystihúsarekstrinum? Hvað er að segja um vexti af rekstrarlánnum, vexti af stofnlánnum, afborganir stofnlána, útflutningsgjöld til ríkis og ýmiss konar sjóða, sölukostnað og annað þess háttar, og hvernig er samanburður á hinu endanlega markaðsverði fyrir íslenskan og norskan fisk?

Of lágt fiskverð fyrir bátaflotann hefur lengi verið eitt erfiðasta viðfangsefnið í íslenskum efnahagsmálum. Reynt hefur verið með ýmsu móti að hækka fiskverðið til fiskiskipanna, en fiskkaupendur hafa jafnan sagt, að þeir gætu ekki greitt svo hátt verð sem fiskiskipin þyrftu að fá.

Þó að einstakir menn viti að visu full deili á því, hvernig stendur á hinum mikla fiskverðsmismun í Noregi og hér á landi, þá er það ekki nóg. Opinber óhlutdræg rannsókn á að fara fram í þessum efnum, og niðurstöður rannsóknarinnar á að birta almenningi.

Hér er ekki um neinn galdur að ræða, heldur mjög auðskýranlegar staðreyndir.

Stjórnarvöld landsins geta ekki vikizt undan því að láta þessa rannsókn fara fram, svo að öllum megi ljóst verða, á hvern hátt hægt er að hækka íslenska fiskverðið til mikilla muna og leysa þar með vandræði fiskiskipaflotans og mæta einnig óhjákvæmilegri launahækkun þess fólks, sem að framleiðslunni vinnur jafnt á sjó og í landi.